



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2026
MSS26020116

Umsögn vegna tillögu borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um kaup á ryksugubíl – MSS26020116

Á fundi borgarráðs, dags. 26. febrúar 2026 var lögð fram tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um kaup á ryksugubíl og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs skrifstofu borgarlandsins.

Tillagan hljóðar svo:

Lagt er til að Reykjavíkurborg fjárfesti í ryksugubíl sem eru sérstaklega hannaðir til að hreinsa upp fínasta rykið á götum borgarinnar. Áætlaður kostnaður vegna kaupanna er 50-70 milljónir.

Í greinargerð segir:

Reykjavík er meðal þeirra höfuðborga í Evrópu með allra bestu loftgæðin. Reykjavík var í öðru sæti á lista yfir bestu loftgæði í höfuðborgum Evrópu árið 2025 samkvæmt loftgæðamælaborði Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA). Ísland er jafnframt eitt af örfáum löndum í heiminum sem ná viðmiðum alþjóðlega heilbrigðismálastofunninnar fyrir svifryk. Þess vegna ætti það að vera auðsótt mál að setja kraft í það að fyrirbyggja að hér skapist þessar aðstæður þessa fáu daga þar sem loftgæði eru slæm. Ráðast þarf í aðgerðir til að mæta þeim toppum sem myndast þegar hæglátt veður er um vetur og mynda þessar aðstæður og hafa áhrif á loftgæði í borginni. Í því samhengi þarf að horfa til tæknilausna sem hafa hingað til ekki verið prófuð, líkt og ryksugubílar sem eru sérstaklega hannaðir til að taka upp fínasta rykið. Þetta eru sérstakir bílar með mikla getu til að taka upp óhreinindi. Því leggur Framsókn til að Reykjavíkurborg fjárfesti í sérstökum ryksugubíl sem verði notaður sérstaklega við stofnbrautir. Huga þarf að því að verklag við notkun bílsins sé þannig að reynt sé að fyrirbyggja að svifryksmengunar toppar myndist í borginni.

Varðandi tillögu um kaup á ryksugubíl skal upplýst að Reykjavíkurborg er þegar farin að skoða möguleika á nýjum tæknilausnum sem geta nýst við hreinsun gatna, þar á meðal búnaði sem getur starfað við vetraraðstæður og í frosti og tekið upp fínna ryk.

Unnið er að því að afla frekari upplýsinga um slíkan búnað með samtölum við framleiðendur og söluaðila, sem og með því að kynna sér reynslu erlendra sveitarfélaga sem hafa þegar tekið slíkar lausnir í notkun. Um er að ræða tiltölulega nýja tækni og því er sérstök áhersla lögð á að rýna virkni hennar, hagkvæmni og kostnað í samanburði við aðrar mögulegar lausnir. Búið er við að niðurstöður liggi fyrir í lok maí byrjun júní.



Reykjavík



F. h. Skrifstofu borgarlandsins

Karl Eðvaldsson
Deildarstjóri reksturs og þróunar
Skrifstofa borgarlandsins
Umhverfis- og skipulagssvið